Mánudaginn 5. desember 1938.

Nr. 92/1938. **Valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Einari Pálma Einarssyni
(Lárus Fjeldsted).

Ólögleg áfengissala.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt forsendum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Einar Pálmi Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Lárusar Fjeldsted, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 10. ágúst 1938.

Ár 1938, miðvikudaginn 10. ágúst, var í lögregluétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni af Valdi-

mar Stefánssyni, fulltrúa lögreglustjóra, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1526 1938: Valdstjórnin gegn Einari Pálma Einarssyni, er tekið var til dóms hinn 9. s. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Einari Pálma Einarssyni, atvinnulausum, Grjótagötu 7 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935. Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1929 $^{15}/_{9}$ Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1930 $^{3}/_{3}$ Sætt 50 króna sekt fyrir samskonar brot.
1930 $^{14}/_{7}$ Sætt 50 króna sekt fyrir samskonar brot.
1930 $^{15}/_{8}$ Sætt 50 króna sekt fyrir samskonar brot.
1931 $^{14}/_{5}$ Sætt 50 króna sekt fyrir samskonar brot.
1931 $^{3}/_{8}$ Sætt 10 króna sekt fyrir áflog á almannafæri.
1932 $^{21}/_{3}$ Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1933 $^{14}/_{6}$ Sætt 50 króna sekt fyrir samskonar brot.
1934 $^{19}/_{2}$ Sætt 50 króna sekt fyrir samskonar brot.
1934 $^{9}/_{3}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað.
1934 $^{19}/_{6}$ Sætt 500 króna sekt fyrir áfengissölu.
1934 $^{21}/_{6}$ Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1934 $^{20}/_{8}$ Sætt 200 króna sekt fyrir áfengislagabrot.
1934 $^{28}/_{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.
1934 $^{30}/_{12}$ Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 $^{1}/_{4}$ Dómur hæstaréttar, 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 10. gr. laga nr. 51 1928.
1935 $^{3}/_{9}$ Sætt 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 $^{28}/_{9}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 300 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. Staðfest í hæstarétti $^{2}/_{12}$.
1935 $^{18}/_{11}$ Sætt 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1936 $^{20}/_{1}$ Dómur hæstaréttar, 300 króna sekt fyrir brot gegn 18. sbr. 38. gr. laga nr. 33 1935 og 7. og 9. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1936 $^{22}/_{5}$ Sætt 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1936 $^{30}/_{8}$ Sætt 25 króna sekt fyrir samskonar brot.
1937 $^{1}/_{4}$ Sætt 25 króna sekt fyrir samskonar brot.
1937 $^{21}/_{4}$ Sætt 25 króna sekt fyrir samskonar brot.

1937 $^{2}/_{8}$ Sætt 25 króna sekt fyrir samskonar brot.

1937 $^{3}/_{9}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 300 króna sekt fyrir brot gegn 10. gr. laga nr. 51 1928 og 18. sbr. 38. gr. áfengislaganna. Staðfest í hæstarétti $^{8}/_{12}$ 1937.

Með eigin játningu kærðs eru eftirtaldir málavextir sannaðir.

Frá byrjun síðastliðins maímánaðar til þessa tíma hefir kærður stundað áfengissölu hér í bænum, þó að undanskildum samtals eins mánaðar tíma, sem hann hefir legið veikur. Var sala þessi stunduð í atvinnuskyni, og nægðu tekjur kærðs af henni honum til uppihalds, enda hafði hann á tímabilinu ekki annað starf. Seldi hann einungis brennivín, ýmist á heil- eða hálfflöskum, hinum og öðrum, aðallega við höfnina, og var álagningin kr. 2.00—2.50 miðað við heilflösku. Telur hann söluna hafa verið sem næst 5--6 flöskur um helgar, en 1—2 flöskur um rúmhelga daga.

Með áfengissölu þessari hefir kærður gerzt brotlegur gegn 15. gr. áfengislaganna nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans samkvæmt 33. gr., 1. og 2. mgr., sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 1500 króna sekt til menningarsjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 55 daga.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Einar Pálmi Einarsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og greiði 1500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 55 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.